


Umsjón: Páll Baldvin Baldvinsson pbb@dv.is

Það eru miklar dýrðir í vændum í myndlistarlífinu. Allir helstu sýningarsalir landsins, smáir og stórir, opna nýjar sýningar næstu sólarhringa. Margir mikilsmetnir listamenn draga fram nýtt góss fyrir listelskan almenning.

Fjölbreytt list á boðstólum

Það er gallerí i8 sem ríður á vaðið og opnar einkasýningu Finns Arnar í kvöld. Og er það fyrsta sýning hans í þessu virta galleríi Eddu Jónsdóttur sem er í gömlu Hamborg á Klapparstígnum. Stendur sýning Finns fram til loka febrúar.

Finnur Arnar þykir einn áhugaverðasti listamaður sinnar kynslóðar, útskrifaðist frá MHÍ árið 1991 og hefur jöfnum höndum unnið að myndlist og leikmyndahönnun. Í myndlist leitast Finnur við að gera hið hversdagslega að umfjöllunarefni. Beinir hann í þessum nýju verkum einkum augum sínum að náttúru og herra hennar, manninum. Á sýningunni eru myndbandsverk, ljósmyndir og fleira.



Helgríma eftir Finn Arnar *Eitt af verkunum sem frumsýnd verða um helgina.*

Breskur karl og íslensk kona

Í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur opna þrír listamenn einkasýningar og er ein þeirra yfirlitssýning. Munu þær þrjár standa til 27. febrúar.

Bjargey Ólafsdóttir frumsýnir nýja kvikmynd sem heitir Láttu ekki viðkvæmt útlit blekkja þig. Hún er í leikstjórn og eftir handriti Bjargeyjar með leikurunum Kristjáni Franklín Magnús og Þrúði Vilhjálmsdóttur. Á sýningunni getur einnig að líta ljósmyndir sem teknar voru við gerð myndarinnar. Á sunnudag kl. 15.00 verður listamannaspjall í fjölnotasal Hafnarhúss þar sem Bjargey Ólafsdóttir fjallar um feril sinn og verk ásamt Ágústu Kristófersdóttur listfræðingi. Sýndar verða þrjár stuttmyndir Bjargeyjar: Falskar tennur, Jean og Láttu viðkvæmt útlit mitt ekki blekkja þig.

Hér á þessum síðum var fyrir skömmu gerð grein fyrir fyrstu yfirlitssýningu hins kunna ljósmyndara Brians Griffin sem hefur á löngum ferli starfað fyrir tímarit, tískufyrirtæki, auglýsendur, tónlistarfólk og stórfyrirtæki, auk sjálfstæðra verkefna. Brian hefur gefið út á annan tug bóka með ljósmyndum sínum, tekið þátt í fjölda sýninga víða um heim, gert stuttmyndir og sjónvarpsauglýsingar, framið gjörninga og unnið höggmyndir. Sýningu sína í Hafnarhúsi kallar Brian Áhrifavalda.

Í tengslum við sýningu Brians mun eiginkona hans, Brynja Sverrisdóttir, vera með innsetningu í bókabúð safnsins.

Sunnudag 16. janúar kl. 15.00 verður listamannaspjall í fjölnotasal Hafnarhúss þar sem Brian Griffin segir frá ferli sínum ásamt Anne Braybon sem hefur haldið fyrirlestra um ljósmyndun og er listrænn ritstjóri Management Today.

Svo snýr Þórður heim...

Myndlistarmaðurinn Þórður Ben Sveinsson kom fyrst fram sem einn af meðlimum SÚM hópsins á 7. áratugnum. Á sýningu á Kjarvalsstöðum árið 1982 kynnti hann í fyrsta sinn hugmyndir sínar um nýja tegund borgarbyggðar og byggingarlistar sem mótaðist af aðstæðum á Íslandi, náttúru landsins og menningu. Vakti sýningin mikla athygli og umræðu á sínum tíma. Á sýningunni í Hafnarhúsinu getur að líta framþróun í hugmyndum listamannsins um borg náttúrunnar en markmið listamannsins er að benda á þau djúpu og afgerandi áhrif sem skipulag borgarinnar hefur fyrir það samfélag sem hún fóstrar. Sýningarstjóri er Pétur H. Ármannsson.

En hvað með Kópavoginn?

Á laugardaginn kl. 15.00 opna tvær nýjar sýningar í Listasafni Kópavogs-Gerðarsafni. Í austursal sýnir Birgir Snæbjörn Birgisson verk úr tveimur myndaröðum, Snertingar og Ljóshærðar starfstéttir. Umfjöllunarefni Birgis er tilraun mannsins til að fela ógnir heimsins á bak við upphafnar myndir af hreinleikanum, hin stöðuga leit að ídealinu, þörf okkar til að nálgast fullkomnun á einn eða annan hátt, jafnt í ytra útliti sem því innra.

Olíuljós heitir sýning Elíasar B. Halldórssonar í vestursal. Elías vinnur verk sín með olíulitum, ýmist á pappír eða striga. Innblástur sækir hann í náttúruna eins og sjá má á heitum verkanna, en þau skiptast í ljóðrænar landslags og/eða húsamyndir og stærri abstraktverk.

Á neðri hæð safnsins stendur yfir sýning á völdum verkum úr einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur. Í safni þeirra hjóna er að finna margar perlur íslenskrar myndlistar frá fyrri hluta 20. aldar eftir alla helstu málara þjóðarinnar.

Sýningarnar standa til 6. febrúar.

En Akureyri?

Sýningin Stríðsmenn hjartans, sem verður opnuð í Listasafninu á Akureyri á laugardag kl. 15.00 og ætti að snerta okkur öll - hvort sem við höfum áhuga á að fylgjast með stefnum og straumum í listalífinu eða erum of önnum kafin á stríðsvelli hversdagsins. Nú má fara á Listasafnið á Akureyri og láta sig dreyma um að allir reikningar hafi verið greiddir og sandur af seðlum afgangs til að láta sér líða vel því á safninu má einmitt sjá sand af seðlum, 100 milljónir króna í beinhörðum peningum .

Sýningin varð til í samstarfi listamannsins Ashkans Sahihi og Hannesar Sigurðssonar safnstjóra. Henni má lýsa sem eins konar innsetningu og afar nútímalegri konkretlist, eða hreinlega sem frábærri nytjalist sem allir skilja, því flestir gætu líklega fundið góð not fyrir kr. 100.000.000.

Ákveðið var að sýna myndaröðina Eiturlyf eftir Sahihi með peningaskúlptúrunum, ellefu stórar portrettmyndir af fólki undir áhrifum mismuandi vímuefna, meðal annars. LSD, krakk, kókaín, alsæla og fleira. Sýningin fjallar þannig um einhvers konar stríð einstaklingsins sem einstaklingurinn háir innra með sér, enda má segja að sá mikli áhugi á peningum sem við erum vitni að sé viss tegund vímu.

Dagfarsprúði ljómyndarinn Ashkan Sahihi er fæddur í Íran, uppalinn í Þýskalandi og búsettur í New York. Hann leitast við að birta okkur pólitískar ranghliðar tilverunnar sem hann fangar með linsunni og tínir saman í íhugular en ágengar raðir mynda sem eru lausar við fordóma og innantóm sniðugheit.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - UPPSELT
Su 16/1 kl 20 - græn kort - UPPSELT
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20 - UPPSELT
Fim 27/1 kl 20 - Aukasýning
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20
Fi 3/2 kl 20 - UPPSELT
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 14/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14, Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 Síðustu sýningar

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
Fjölskyldusýning
THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Fö 14/1 kl 20 - UPPSELT, Su 16/1 kl 20
Fi 20/1 kl 10, Su 23/1 kl 20
Su 30/1 Sýningum lýkur í febrúar

AUSA eftir Lee Hall og STÓLARNIR eftir Ionesco
Í samstarfi við LA
Í kvöld kl 20, Lau 15/1 kl 20
Síðustu sýningar á Stólunum

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fö 14/1 kl 20, Fi 20/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Bóksölulistar

Listinn er gerður út frá sölu daganna 5. janúar til 11. janúar og tekur til sölu í bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennans.

AÐALLISTINN - ALLAR BÆKUR

SÆTI	BÓK	HÖFUNDUR
1.	Almanak Háskóla Íslands	Háskóli Íslands
2.	Auga Óðins – kilja	
3.	Egils saga með skýringum	
4.	Íslandsklukkan – kilja	Halldór Laxness
5.	Híbýli vindanna – kilja	Böðvar Guðmundsson
6.	Da Vinci lykillinn – kilja	Dan Brown
7.	Röddin – kilja	Arnaldur Indriðason
8.	Dönsk-íslensk/Íslensk-dönsk orðabók	
9.	Ást í verki fyrir hann	
10.	Almanak Þjóðvinafélagsins	

SKÁLDVERK - INNBUNDNAR

1.	PS; Ég elska þig	Cecelia Ahern
2.	Rigning í nóvember	Auður Ólafsdóttir
3.	Silmerillinn	J.R. R. Tolkien
4.	Piltur og stúlka	Jón Thoroddsen
5.	Barn náttúrunnar	Halldór Laxness
6.	Málsvörn og minningar	Matthías Johannessen
7.	Vélar tímans	Pétur Gunnarsson
8.	Andræði	Sigfus Bjartmarsson
9.	Sjálfstætt fólk	Halldór Laxness
10.	Hobbitinn	J.R.R. Tolkien

SKÁLDVERK - KILJUR

1.	Auga Óðins	kilja
2.	Egils saga með skýringum	
3.	Íslandsklukkan	Halldór Laxness
4.	Híbýli vindanna	Böðvar Guðmundsson
5.	Da Vinci lykillinn	Dan Brown
6.	Röddin	Arnaldur Indriðason
7.	Grafarþögn	Arnaldur Indriðason
8.	Mávahlátur	Kristín Marja Baldursdóttir
9.	Mýrin	Arnaldur Indriðason
10.	Andsælis á auðnuhjólinu	Helgi Ingólfsson

HANDBÆKUR/FRÆÐIBÆKUR/ÆVISÖGUR

1.	Almanak Háskóla Íslands	Háskóli Íslands
2.	Dönsk-íslensk/Íslensk-dönsk orðabók	
3.	Ást í verki fyrir hana	Punkturinn yfir i-ið
4.	Almanak Þjóðvinafélagsins	Hið íslenska þjóðvinaf.
5.	South Beach mataræðið	Dr. Arthur Agatston
6.	Kampavín -hið ljúfa líf	
7.	Skyndibitar fyrir sálina	Barbara Bergner
8.	Spænsk-íslensk/íslensk-spænsk orðabók	
9.	Réttritunarorðabókin	
10.	Íslensku stjörnuatlas	Snævarr Guðmundsson

BARNABÆKUR

1.	Kafteinn Ofurbrók: Vinnubók	Dave Pilkey
2.	Idol-stjörnuleit	Helgi Jónsson
3.	Emil í Kattholti:allar sögurnar	Astrid Lindgren
4.	Rósalind Prinsessa	
5.	Skúli skelfir og draugagangurinn	Francesca Simon
6.	Örkin hans Nóa	Steve Cox
7.	Kafteinn Ofurbrók og ævintýri hans	Dave Pilkey
8.	Öðruvísi dagar	Guðrún Helgadóttir
9.	Frosnu tærnar	Sigrún Eldjárn
10.	Prinsessubókin	

ERLENDAR BÆKUR/ALLIR FLOKKAR

1.	The Rule of Four	Ian Caldwell og Dustin Thomason
2.	Angels and demons	Dan Brown
3.	No.1 Ladies Detective Agency	Alexander McCall-Smith
4.	Blue Dahlia	Nora Roberts
5.	Wide Window	Lemony Snicket
6.	The Miserbale Mill	Lemony Snicket
7.	Story of Architecture	Jurge Tietz
8.	Moon Shadows	Nora Roberts og fleiri
9.	The Century of Designers	Charlotte Seeling
10.	Kafka on the Shore	Haruki Murakami

ERLENDAR VASABROTSBÆKUR

1.	Blue Dahlia	Nora Roberts
2.	Truth or Dare	Jayne Ann Krentz
3.	Olivia Joules and the Overactive...	Helen Fielding
4.	Late for the Wedding	Amanda Quick
5.	The Taking	Dean Koontz
6.	Sunny Chandler's Return	Sandra Brown
7.	Shopaholic & Sister	Sophie Kinsella
8.	Da Vinci Code	Dan Brown
9.	Stone Cold	Robert B. Parker
10.	Therapy	Jonathan Kellerman

Vasabókalistinn byggir á sölu í ofantöldum verslunum auk dreifingar í aðrar bókabúðir og stórmarkaði á vegum Pennans/Blaðadreifingar.